

Tímabundið starfsleyfi fyrir brennu

Í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., reglugerð 550/2018 og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á, veitir Heilbrigðisnefnd Vesturlands hér með leyfi til að halda brennu hinn 31. desember 2020 skv. fyrirbyggjandi umsókn ásamt korti með staðsetningu brennu, dags. 10. nóvember s.l., í Stykkishólmi, vestan við tjaldsvæðið. Kveikt verður í brennunni kl. 20.30 og áætlaður brennutími er 4 klst. Umsækjandi er Stykkishólmsbær og ábyrgðarmaður er Magnús Ingi Bæringsson.

- A. Leyfi Heilbrigðisnefndar Vesturlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi Sýslumannsins á Vesturlandi fyrir brennunni.
- B. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að eftirlit sé haft með bálkesti allt frá því að söfnun efnis hefst, á meðan brenna stendur yfir, þar til brenna er kulnuð og brennustæði hefur verið hreinsað.
- C. Óheimilt er að kveikja í bálkesti ef vindur fer yfir 15 m/sek. eða vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- D. Bálköst skal staðsetja þar sem góður aðgangur er að nægjanlegu slökkvivatni, ekki nær íbúðarbyggð en 100 m og ekki nær matvælaframleiðslu eða öðrum viðkvæmum rekstri en 400 m. Bálköst skal ekki staðsetja þar sem hættu er á að eldur eða neisti geti kveikt í gróðri eða sinu.
- E. Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara. Ef náttúrulegar aðstæður eru ekki fyrir hendi skal tryggt, t.d. með sandbornu undirlagi vel út fyrir brennustæði, að jarðvegur og gróður skemmist ekki.
- F. Fyllstu varúðar skal gætt við bálköst, bæði hvað varðar íkveikju- og mengunarhættu og skal þannig gengið frá brennuefni að ekki sé hættu á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
- G. Einungis er leyfilegt er að brenna hreint óvarið timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óleyfilegur eldsmatur.
- H. Verði notuð olía við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Óheimilt er að nota hvers konar úrgangsolíu hvort heldur sem er til uppkveikju eða til að viðhalda lögum.
- I. Brennustæði skal hreinsað svo fljótt sem auðið er að brennu lokinni og eigi síðar en á öðrum degi frá því að kveikt er í bálkesti. Ösku og öðrum úrgangsefnum skal komið til förgunar skv. reglum þar að lútandi.

Almennt:

- Leyfishafa er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir frekari fyrirmælum, eftir því sem við á, heilbrigðiseftirlits, sveitarfélags, byggingarnefndar og/eða brunavarna um staðsetningu, tímasetningu og búnað er nær til ofangreindrar starfsemi.
- Breytingar á staðsetningu eða tímasetningu viðburðar skulu gerðar í samráði við leyfisveitendur.
- Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Hvalfjarðarsveit, xx. desember 2020